

4. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 15. október 2018 kl. 18:15.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðaði: Sigrún Hreiðarsdóttir.



1. Uppbygging íþróttamannvirkja

Ungmennafélag Selfoss fagnar metnaðarfullri framtíðarsýn sem kynnt hefur verið varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Selfossvelli. Félagið lýsir yfir fullum stuðningi við að áfram verði unnið með þessar hugmyndir og þær verði útfærðar nánar með fulltrúum félagsins. Mikilvægt er að tryggja aðkomu allra notenda að hönnunarvinnu sem framundan er þ.m.t. að tekið verði tillit til ábendinga sem stjórn knattspyrnudeildar hefur gert grein fyrir. Þær snúa að því að breytingar verði gerðar á tímasetningum varðandi uppbygginguna og að skoðað verði hvort hægt sé að gera tilfærslu á húsinu til suðurs.

Ungmennafélag Selfoss telur að með þessum tillögum sé komin framtíðarsýn sem falli vel að fyrri hugmyndum félagsins og þær verði notaðar við frekari skipulagningu og uppbyggingu á svæðinu. Ungmennafélagið hvetur sveitarfélagið til dáða í uppbyggingu íþróttamannvirkja og mun hér eftir sem hingað til styðja við allar metnaðarfullar hugmyndir sveitarfélagsins.

2. Ráðstefnan - Sýnum karakter

Framkvæmdastjórn beinir því til deilda félagsins að yfirþjálfarar á þeirra vegum sækja ráðstefnuna *Sýnum karakter – jákvæð íþróttamening* þann 2. nóvember nk. og samþykkir að Umf. Selfoss greiði kostnað við þátttöku þeirra.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 18:55.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**